



Knattspyrnudeild FH
Valdimar Svavarsson, formaður
Elsa Hrönn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri
Davíð Þór Viðarsson, yfirmaður knattspyrnumála

Reykjavík, 19. maí 2023

Úrskurður: Atvik í leik Víkings R. og FH í Bestu deild karla 14. maí 2023

Á aukafundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 18. maí sl., var tekið fyrir erindi sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar með vísan til greinar 19.2. í lögum KSÍ og 5. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik er átti sér stað í leik Víkings R. og FH í Bestu deild karla þann 14. maí 2023. Erindið barst nefndinni þann 16. maí sl. og var þá ákveðið að gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að skila skriflegri greinargerð um málið fyrir kl. 12:00 fimmtudaginn 18. maí.

Í samræmi við ákvæði 5.2. og 5.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Fyrir aga- og úrskurðarnefnd liggja staðfestingar frá dómara, í leik Víkings R. og FH þann 14. maí 2023, á því að atvik það sem lýst er í greinargerð framkvæmdastjóra hafi hvorki hann né aðstoðarmenn séð og því ekki brugðist við vegna þess. Ef um hefði verið að ræða atvik sem dómari hefði áður lagt mat á og tekið ákvörðun um inn á velli, þá skal tekið fram að það atvik hefði ekki getað sætt endurskoðun aga- og úrskurðarnefndar á grundvelli greinar 5.3.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 18. maí lá fyrir skrifleg greinargerð frá FH dags. þann sama dag. Í greinargerð FH segir m.a.;

„Framkvæmdastjórinn fullyrðir tvisvar sinnum í greinargerð sinni að Kjartan Henry hafi gefið Nicolaj Andreas olnbogaskot með óíþróttmannslegum hætti og styður sig við myndbandsupptöku. Það eitt og sér dugir, að okkar mati, til þess að vísa þessu máli frá. Það er engin leið fyrir framkvæmdastjóran, né nokkurn annan, að fullyrða um það að þetta meinta brot sé viljaverk og þar af leiðandi óíþróttamannslegt. Í þessu atviki tekur Víkingur stutt horn, Kjartan Henry er að dekka Nicolaj Andreas og er að reyna að hindra að hann komist fram fyrir sig með því að gera sig breiðan. Á myndbrotinu þar sem þetta er sýnt aftan frá sést greinilega að Kjartan Henry sveiflar ekki olnboganum heldur lyftir hann höndinni upp þegar Nicolaj Andreas ýtir á bak hans til að koma í veg fyrir að Nicolaj Andreas komist fram fyrir sig. Þarna eru einfaldlega tveir einstaklingar að berjast inni á vítateig eins og gerist margoft í hverjum einasta leik og við erum algjörlega ósammála því að Kjartan Henry hafi gefið Nicolaj Andreas olnbogaskot með hættulegum og óíþróttamannslegum hætti.“

Aga- og úrskurðarnefnd tekur að hluta undir sjónarmið í greinargerð FH um að ókleift sé að fullyrða að leikmaður FH hafi af ásetningi gerst brotlegur gagnvart leikmanni Víkings R. Það er hins vegar mat nefndarinnar, samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, að atvik það sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra frá 16. maí sl. og jafnframt birtist á myndskaiði sem fylgir með greinargerð framkvæmdastjóra, sé alvarlegt agabrot. Í tilvitnuðu atviki sýnir leikmaður FH, Kjartan Henry Finnbogason, af sér alvarlega grófan og hættulegan leik er hann slær handlegg sínum í andlit Nikolaj Andreas Hansen leikmanns Víkings R. Atvik þetta hafi hvorki dómari né aðstoðarmenn hans séð í leik Víkings R. og FH í Bestu deild karla þann 14. maí sl.

Hefur aga- og úrskurðarnefnd ákveðið, með vísan til ákvæða 5.2. og 5.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, að úrskurða Kjartan Henry Finnbogason, leikmann FH, í eins leiks bann í Íslandsmóti vegna atviksins í framangreindum leik, samkvæmt 12. gr. sömu reglugerðar. Leikbann Kjartans Henry tekur gildi kl. 12 á hádegi næsta dag frá birtingu á úrskurði þessum, sbr. grein 8.2. reglugerðarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson